



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

### ***Efni: Tillaga um stofnun leikskóla við Bríetartún***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. mars 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að hefja formlegan undirbúning að stofnun leikskóla að Bríetartúni 11. Miðað er við að leikskólinn verði fjögurra deilda ungbarnaleikskóli fyrir 60 börn frá 12 mánaða aldri til þriggja ára. Stefnt er að því að leikskólinn taki til starfa fyrir lok árs 2021.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Eitt helsta forgangsverkefni meirihlutans um þessar mundir er að fjölga leikskólarýmum svo bjóða megi yngri börnum leikskólavist, allt niður í 12 mánaða fyrir lok árs 2024. Með tillögunni er lagt til að hefja formlegan undirbúning að stofnun nýs ungbarnaleikskóla miðsvæðis í borginni, nánar tiltekið við Bríetartún. Leikskólinn mun rúma 60 börn frá 12 mánaða aldri miðsvæðis í borginni og er stefnt að opnun hans fyrir lok þessa árs. Verkefnið er liður í Brúum bilið aðgerðaáætluninni þar sem fjölgað verður um meira en þúsund leikskólarými á komandi árum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fjölgun leikskólarýma í Reykjavík er mikilvægur liður í því að brúa bilið og bæta þjónustu við fjölskyldufólk í Reykjavík. Nýr ungbarnaleikskóli við Bríetartún verður því fagnaðarefni. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks harma þó hve seinlega hefur gengið að svara eftirspurn eftir leikskólarýmum í Reykjavík en samkvæmt stöðu biðlista þann 9. febrúar sl. eru nú 737 börn 12 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í borginni. Núverandi meirihluta hefur tekist illa að standa við gefin loforð um tryggt leikskólapláss fyrir öll 12-18 mánaða börn. Eins hefur ekki lánast að standa við meirihlutasáttmála sem getur þess að brúa skuli bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Betur má ef duga skal!

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Rétt er að halda til haga að Brúum bilið áætlunin fól í sér að fjölgað yrði leikskólarýmum um 700-750 til ársins 2023 með byggingu nýrra leikskóla, viðbygginga, færanlegra deilda o.fl. Áætlunin var samþykkt sem 4-5 ára verkefni og hefur í stórum dráttum staðist en þó hefur verið bætt við fleiri nýjum leikskólum og verður leikskólarýmum fjölgað helmingi meira en upphaflega var gert ráð fyrir.


Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Foreldrar leikskólabarna geta ekki beðið í 4-5 ár eftir úrræðum. Þegar hafa hundruð fjölskyldna orðið fyrir áhrifum af skorti á leikskólaplássum í Reykjavík.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum lagði fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna fagnar stofnun 60 barna ungbarnaleikskóla við Bríetartún sem svara mun brýnni þörf fyrir fleiri leikskólapláss í borginni og tryggja aðgengi að dagvistun þegar fæðingarorlofi líkur. Mikilvægt er að undirbúningur hefjist sem fyrst svo hægt sé að standa við fyrirhugaðan opnunartíma og til þess að tryggja að frá upphafi sé vandað faglegt starf í hinum nýja leikskóla.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Hjálagt:  
Greinargerð, ódags.

## **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna**

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að hefja formlegan undirbúning að stofnun leikskóla að Bríetartúni 11. Miðað er við að leikskólinn verði fjögurra deilda ungbarnaleikskóli fyrir 60 börn frá 12 mánaða aldri til þriggja ára. Stefnt er að því að leikskólinn taki til starfa fyrir lok árs 2021.

### **Greinargerð**

Borgarstjórn samþykkti 18. nóvember 2018 að ráðast í aðgerðaáætlunina Brúum bilið sem felur í sér fjölgun leikskólarýma í öllum borgarhlutum svo bjóða megi börnum allt frá 12 mánaða aldri í leikskóla borgarinnar. Í upphaflegri áætlun var stefnt að því að fjölga leikskólarýmum um 700-750 á árunum 2019-2023 með byggingu nýrra leikskóla, viðbyggingum og/eða fjölgun leikskóladeilda við starfandi leikskóla, einkum þar sem eftirspurn eftir leikskólarýmum er mikil. Nú er verið að endurskoða þá áætlun og er stefnt að því að rýmum fjölgi talsvert meira á tímabilinu. Endurskoðunin tekur m.a. mið af Græna planinu sem borgarstjórn hefur samþykkt og felur í sér að litið er til þess að nýta húsnæði í borgarlandinu meðfram því að byggja nýtt. Tillagan um ungbarnaleikskóla í Bríetartúni er hluti af þessari endurskoðun, nýtt verkefni sem felur í sér að borgin tekur á leigu húsnæði miðsvæðis í borginni í hverfi þar sem mikil spurn er eftir leikskólarýmum.

Í leikskólanum við Bríetartún verða fjórar deildir sem áætlaðar eru fyrir 60 börn, fullbúið framreiðslueldhús, starfsmannaaðstaða og útileiksvæði. Leikskólinn mun verða ungbarnaleikskóli fyrir börn frá 12 mánaða aldri til þriggja ára. Húsnæðið að Bríetartúni 11 verður afhent í síðasta lagi 1. nóvember 2021. Húsnæðið verður afhent fullbúið utan búnaðar sem hentar fyrir starfseminna.

Stofna þarf nýjan leikskóla í tölvukerfum Reykjavíkurborgar. Opna þarf aðgang fyrir hann í Völu svo hægt sé að innrita börn í leikskólann. Ráða þarf leikskólastjóra og starfsfólk í tíma til að innritun í skólann gangi eftir. Vinna þarf að stefnumótun leikskólans með faglegri vinnu og undirbúa húsnæðið fyrir börn og starfsfólk.

Skoða þarf möguleikann á að stjórnandi nýs leikskóla við Bríetartún stýri einnig fyrirhuguðum ungbarnaleikskóla við Hallgerðargötu 1 (á Kirkjusandi). Báðir leikskólarnir eru ætlaðir fyrir 60 börn. Áætlað er að leikskólinn við Hallgerðargötu opni á næsta ári.

Í október 2020 var að tillögu stýrihópsins um Brúum bilið auglýst eftir leikskólahúsnæði með markaðskönnun. Tvö tilboð bárust í þeirri könnun og þann 12. mars 2021 var skrifað undir leigusamning vegna húsnæðis að Bríetartúni 11.

